

Velferðarnefnd Alþingis

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2023

**Umsögn Félags um foreldrajafnrétti um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 95. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.**

Félag um foreldrajafnrétti fer fram á að þingsályktunartillögunni verði breytt þannig að félaginu verði veitt sæti í umræddum starfshópi. Félagið vinnur að hagsmunum foreldra sem fara með forsjá barna sinna og þeirra sem eru foreldrar án forsjár. Flestir félagsmanna eru foreldrar sem ekki fara með lögheimili barna sinna. Bent skal á að umgengni foreldra við börn er ótengd forsjá og lögheimili. Félagið telur að þátttaka fulltrúa þess í starfshópnum sé nauðsynleg til að tryggja rétt foreldra sem hafa verið afskiptir í kerfinu, en eru þó í mörgum tilvikum með börn sín jafnmikið og hitt foreldrið eftir jöfnu fyrirkomulagi umgengni. Fáir félagið fulltrúa í starfshóp ráðherra mun það leggja áherslu á að koma í veg fyrir að veikum eða slösuðum börnum verði mismunað eftir forsjárstöðu og lögheimilisstöðu foreldra þegar kemur að umönnun þeirra. Vísað er til meðfylgjandi umsagnar félagsins um 79. mál.

Virðingarfyllt,

f.h. Foreldrajafnréttis,



Hilmar G. Þorsteinsson lögmaður